

gatnamóta sem liggja að reitnum. Byggingarmagn og sveigjanleiki er aukinn, byggingarreitir eru minnkaðir og heimilt verður að byggja í áföngum. Nýtingarhlutfall verður frá 0,4 til 2,6.

Auglýst var eftir athugasemdum skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og var breytingartillagan til sýnis frá og með miðvikudeginum 25. ágúst til mánu dagsins 27. september 1999. Athugasemdafrestur var til 11. október 1999. Athugasemdir bárust frá 27 íbúum, Akranesveitu og byggingarnefnd. Athugasemdir snertu kröfu um óbyggt svæði, lækkun húsa, gatnatengingar, slyshættu í umferð, eldra hús sem á að víkja, aukningu gróðurs á svæðinu. Bæjarstjórn hefur svarað athugasemdum og tekið tillit til þeirra flestra með minniháttar breytingum.

Framangreint deiliskipulag Miðbæjarsvæðis, Akranesi, tekur þegar gildi.

*Akranesi, 24. mars 2000.*

**Skúli Lýðsson** byggingar- og skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### **um staðfestingu á mörkum sveitarfélaganna Árneshrepps, Hólmavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar á Drangajökli.**

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 3. apríl 2000 staðfest mörk sveitarfélaganna Árneshrepps, Hólmavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar á Drangajökli.

Markalínan hefur verið dregin af Landmælingum Íslands á Atlasblað nr. 21 útgefið af „Geodetic Institute Copenhagen and Reykjavík 1934“ og er sú lína staðfest af ráðuneytinu. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. apríl 2000.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Sesselja Árnadóttir.*